



Fjölbrotaskóli Snæfellinga
350 Grundarfjörður

**KENNSLUÁÆTLANIR Í LJÓSI JAFNRÉTTISMENNTUNAR,
JAFNRÉTTI, KYNJAFRÆÐI, KYNHEILBRIGÐI OG KLÁM –
Í SAMHENGI VIÐ GRUNNÞÆTTI MENNTUNAR:
LÝÐRÆÐI, MANNRÉTTINDI OG JAFNRÉTTI**

LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS 2014

Nafn skóla: Fjölbrotaskóli Snæfellinga

Heiti verkefnis: Kennsluáætlanir í ljósi jafnréttismenntunar

Verkefnisstjóri: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, aðstoðarskólameistari FSN

Samningur númer 138-Utan kerf. 2013 - 2014

Markmið verkefnisins

Markmið þessa verkefnis var að endurskoða kennsluáætlanir í sögu, félagsfræði, sálfræði og uppeldisfræði þannig að grunnþættinum „jafnrétti“ væru gerð skil í þeim öllum. Með því að tala um grunnþáttinn jafnrétti átti einnig að endurskoða umfjöllun í þessum áföngum um kynheilbrigði og klám í ljósi kynjafræðinnar.

Eftir endurskoðun kennsluáætlana í félagsgreinum væntum við þess að nemendur öðlist aukinn skilning og verði umburðarlyndari gagnvart margbreytileika mannlífsins hér á landi sem annars staðar í heiminum og skilji að jafnrétti allra skiptir máli, hvort sem horft er til aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumála, ætternis, þjóðernis.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Þar sem nú stendur yfir innleiðing nýrrar aðalnámsskrár fléttaðist þróunarverkefnið inn í þá innleiðingu. Kennarar hafa verið að skrifa nýjar áfangalýsingar inn í námskrárgrunn ráðuneytis, www.namskra.is. Þegar nýjar áfangalýsingar voru skrifaðar í sögu og félagsgreinum var sérstaklega horft til grunnþáttanna jafnréttis, lýðræðis og mannréttinda. Það kom í ljós að full ástæða var til að fara yfir þessar áfangalýsingar og endurskoða þær ásamt því að nýir áfangar urðu til.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Ýmislegt kom upp á sem varð til þess að verkefnið komst ekki eins langt og við vildum þannig að lokavinna kemur til með að fara fram á haustönn 2014. Sem frávik má nefna kennaraverkfall sem stóð í þrjár vikur og breytti það ýmsum forsendum til að hægt væri að ljúka við endurskoðun áfangalýsinga og kennsluáætlana. Einnig voru tæknileg vandkvæði við að setja áfangalýsingar inn í námskrárgrunninn og gerði það innsetningu áfanga mjög erfiða og tímafreka og margir kennarar misstu móðinn. Sá hópur sem kennir félagsgreinar og sögu við FSN er ekki fjölmennur. Þessi vinna hvíldi því á fáum kennurum og voru kennarar misáhugasamir. Þeim fannst þetta mikil aukavinna og sáu ekki endilega tilganginn í henni.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Eins og kemur fram voru verkfall kennara, tækniörðugleikar og áhugaleysi einstaka kennara helstu hindranir sem upp komu.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Það er alltaf kostur að gefa sér tíma til að skoða skólastarfið og rýna í áfangalýsingar og kennsluáætlanir. Það er enn frekar ástæða til þess núna þegar verið er að innleiða nýja námskrá, áfangalýsingar koma til með að breytast og skólar hafa meira frelsi til að búa til nýja áfanga. Skólum er samkvæmt löggjöf ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði svo það er nauðsynlegt að endurskoða námskrá reglulega.

Við þessa vinnu hittust kennarar reglulega og settu niður þau atriði sem þeim fannst vera nauðsynleg í hverjum áfanga fyrir sig með tilliti til grunnþáttanna. Tveir starfsdagar voru sérstaklega notaðir til að fara yfir þessar lýsingar og skipta verkefnum á milli kennara. Á þessum starfsdögum hittust greinakennarar og í tengslum við þetta verkefni hittust kennarar í félagsgreinum og sögu. Í önnum hversdagsins gefst ekki mikill tími fyrir kennara að eiga saman samræður og því voru þessir starfsdagar kærkomnir.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið er langt komið þó að ekki hafi tekist að ljúka því vegna aðstæðna sem nefndar voru hér fyrir. Við sjáum fyrir okkur að taka aftur upp þráðinn í haust og þar sem skólinn er einnig að innleiða nýja námskrá, þá verður þetta óhjákvæmilega hluti af innleiðingunni. Það var því ómetanlegt að geta unnið að þessu verkefni þar sem markmiðið var að endurskoða kennsluáætlanir í sögu, félagsfræði, sálfræði og uppeldisfræði þannig að grunnþættinum „jafnrétti“ væru gerð skil í þeim öllum. Við náðum að skoða námskrána og áfangalýsingar að mestu miðað við stöðuna í dag. Nánari útfærsla á kennsluáætlunum er mislangt komin og fer það dálítið eftir því hvaða kennarar eiga í hlut. Breytingar verða á kennararáðningum í haust og í þeim tilfellum þar sem nýir kennarar koma að kennslu má búast við að þeir vilji leggja sitt af mörkum í skrifum á kennsluáætlunum og koma þannig að þessu þróunarverkefni.

Með því að tala um grunnþáttinn jafnrétti endurskoðuðum við einnig umfjöllun í þessum áföngum um kynheilbrigði og klám í ljósi kynjafræðinnar. Áfanginn kynjafræði hefur verið kenndur tvisvar í FSN og hefur aðsókn að honum verið góð. Það er full ástæða til að útfæra efni þess áfanga með hliðsjón af grunnþáttunum jafnrétti, lýðræði, mannréttindi og heilbrigði og endurskoða hann reglulega.

Nýr áfangi leit dagsins ljós í framhaldi af þessu verkefni. Ekki náðist að kenna hann í vetur því hugmyndin um hann fæddist á vorönninni. Áfanginn hlaut nafnið Ragnheiður (sjá fylgiskjal). Þessi áfangi er hugsaður sem samþættur áfangi og námsgreinar eins og félagsfræði, íslenska og saga koma að áfanganum ásamt því að sérstaklega er þess gætt að grunnþættirnir jafnrétti, lýðræði og mannréttindi fléttist inn í viðfangsefni áfangans.

Niðurstöður verkefnisins

Þetta verkefni hefur haft áhrif á orðræðu innan skólans og vakið upp umræðu í kennarahópnum um jafnrétti og kynjajafnrétti. Verkefnið hefur líka minnt kennara á það að jafnrétti skiptir alls staðar máli og á ekki að vera kennt í afmörkuðum áföngum eins og kynjafræðinni heldur tengist þessi grunnþáttur inn í allt skólastarf.

Endurskoðun áfanga á aldrei að vera lokið þar sem nauðsynlegt er að fylgjast með og rýna í kennsluáætlanir. Miðað við umræðu um klámvæðingu og fordóma í garð trúarbragða sýnist okkur að í þessum efnum megi aldrei slaka á. Þetta verkefni gaf okkur aukinn kraft til að sinna þessu.

Starfsdagar haustið 2014 verða skipulagðir til að ljúka þessu verkefni sérstaklega og eins og nefnt var áður er ætlunin að vinna upp þann tíma sem tapaðist í verkfalli kennara og skrifa kennsluáætlanir við þá áfanga sem nú þegar er búið að skrifa áfangalýsingar fyrir. Þetta ætti að geta fléttast inn í undirbúning fyrir haustönn 2014 þegar kennarar undirbúa kennslu og skrifa kennsluáætlanir. Þær kennsluáætlanir fara þá inn í skólanámskrána á heimasíðu skólans. Áfangalýsingar verða þá komnar inn á heimasíðuna svo ekkert ætti að vera að vanbúnaði að fara að kenna eftir þessum kennsluætlunum.

Áætlun um kynningu á afrekstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Vinnan verður kynnt á kennarafundi og fyrir skólanefnd FSN. Þar verður gerð grein fyrir stöðunni og að hverju við stefnum í framhaldinu. Í september verður vinnufundur með kennurum félagsgreina og farið verður yfir stöðuna og áætlun gerð um lok á verkefninu ásamt því að kennarar kynna sinn afrakstur í námskrárvinnu fyrir öðrum í kennarahópnum. Sumir áfanganna verða kenndir á haustönn 2014 og verða þá komnir með kennsluáætlun samhliða áfangalýsingu sem er til nú þegar eftir þetta verkefni. Aðrir áfangar verða ýmist kenndir á vorönn 2015 eða settir inn í skólanámskrá og verður það unnið á starfsdögum í haust.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Kennarar og stjórnendur Fjölbrautaskóla Snæfellinga hafa unnið að innleiðingu laga nr.92/2008. Að skerpa á áherslum í jafnréttiskennslu með tilliti til grunnþátta menntunar er verkefni sem verður ekki lokið þó að sprotasjóðsverkefni sé lokið. Það var ómetanlegt tækifæri að geta sett aukinn tíma í að skoða þessa grunnþætti sérstaklega ekki síst þar sem það er alveg ný hugsun fyrir kennara að skipuleggja kennslu út frá grunnþáttum eins og jafnrétti og mannréttindum.

Grundarfirði 25.júní 2014

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir
Aðstoðar skólameistari FSN

Jón Eggert Bragason
Skólameistari FSN

Fylgiskjal 1

FÉLA1FV05_2

Titill

Ragnheiður

Námsgrein

Félagsfræði

Viðfangsefni

feðraveldi, kirkjan, refsingar

Skammstöfun

FÉLA1FV05

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfangi þar sem Ragnheiður Brynjólfsdóttir biskupsdóttir er í aðalhlutverki. Skoðað er tímabil feðraveldis og staða kvenna á þessu tímabili sérstaklega skoðuð. Þá eru samskipti kynjanna á Íslandi skoðuð, í samfélagi þar sem kirkja og veraldlegt vald töldu sér ekkert mannlegt óviðkomandi.

Örlogasaga Ragnheiðar fléttast inn í þennan áfanga. Áfanginn og áherslur í honum verða ákveðnar í samvinnu við nemendur þar sem nemendur þurfa að kunna að sækja sér nýja þekkingu og leikni jafnframt því að geta beitt þekkingu sinni.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- stöðu kvenna á Íslandi á 17.öld
- sögu Ragnheiðar Brynjólfsdóttur biskupsdóttur í Skálholti
- feðraveldi á Íslandi á 17.öld
- refsingum og afstöðu til kynferðisafbrotá á þessu tímabili
- samskiptum kynjanna á Íslandi um aldir, í samfélagi þar sem kirkja og veraldlegt vald töldu sér ekkert mannlegt óviðkomandi.
- stéttskiptingu á 17.öld.
- sögu biskupsseturs í Skálholti.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa texta frá 17.öld.
- skrifa um stéttskiptingu á 17.öld.
- taka afstöðu til siðferðilegra álitamála sem tengjast þessu tímabili.
- skoða jafnrétti út frá ætterni, stétt, kyni og búsetu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- miðla þeim upplýsingum sem hann finnur til annarra nemenda í hópnum.
- stjórna umræðum í hóp um álitamál sem tengjast örlagasögu Ragnheiðar.
- rökrætt stöðu Ragnheiðar sem dóttur biskups.
- geta fjallað um mun á aðstöðu og tækifærum ungs fólks á 17.öld og í dag.
- geti rætt á gagnrýninn hátt um áhrif staðalmynda og fyrirmynda á ímynd ungs fólks
- beri virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.
- geti sett fram eigin skoðun og tekið þátt í umræðum.

Námsmat:

Leiðsagnarmat.